

Fundargerð 80. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 2. maí 2022, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni Austurlands
2. Árlegir samráðsfundir stýrihópsins og landshlutasamtaka
3. Byggðaaætlun og árangursmælikvarðar
4. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Eva Margrét Kristinsdóttir (FÉL), Bryndís Eiríksdóttir (IVR), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Hafþór Einarsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Anna Katrín Einarsdóttir (HVIN), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Eyþór Björnsson (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun),

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Árni Freyr Stefánsson (IRN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Þórarinn Sólmundarson (HVIN).

Formaður setti fund. Því næst var gengið til dagskrár.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni Austurlands

Farið var yfir eitt áhersluverkefni frá Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) sem sent hafði verið stýrihópi fyrir fundinn. Verkefnið var staðfest með ábendingu.

Stýrihópurinn hefur nú farið yfir áhersluverkefni allra landshluta árið 2022. Nokkuð var rætt um framsetningu þeirra almennt. Formaður og verkefnisstjóri munu fara yfir skapalónið og leggja til breytingar í samráði við stýrihópinn og landshlutasamtökin. Ákveðið að árið 2023 skulu landshlutasamtökin skila upplýsingum um áhersluverkefni sín eigi síðar en 1. mars.

2. Árlegir samráðsfundir stýrihópsins og landshlutasamtaka

Verkefnisstjóri fór yfir helstu niðurstöður funda landshlutasamtaka sveitarfélaga og stýrihópsins í árslok 2021. Tveir fundir voru staðfundir, með SSA í Neskaupsstað og SSV í Borgarnesi, en aðrir fundir voru fjarfundir. Almenn ánægja var með fundina og fyrirkomulag þeirra. Rætt var m.a. hvort stýrihópurinn eigi að setja fram sameiginlegt minnisblað varðandi fjármagn sóknaráætlana í samræmi við ábendingar landshlutasamtakanna á fundunum. Einnig var bent á að þegar farið er á fundi á staðnum mætti skipta upp hópnum þannig að hægt sé að funda sérstaklega um ákveðin málefni, t.d. umhverfismál. Verkefnisstjóri var hvattur til að boða fundi ársins 2022 sem fyrst.

3. Byggðaaætlun og árangursmælikvarðar

Formaður fór yfir stöðu mála varðandi byggðaaætlun. Tillaga að endurskoðaðri byggðaaætlun liggur fyrir Alþingi en ekki er ljóst hvenær verður mælt fyrir henni og hún tekin til afgreiðslu. Formaður fór yfir mælikvarða byggðaaætlunar og benti á það þeir gætu nýst vel við stefnumótun annarra málaflokka.

4. Önnur mál

Skipan stýrihópsins. Stýrihópurinn var skipaður fyrir ári síðan en nú hafa orðið breytingar á Stjórnarráðinu og fulltrúar í stýrihópi færst á milli ráðuneyta. Rætt var um fyrirkomulag byggðamála í hinum ýmsu ráðuneytum þar sem eru teymi um byggðamál og slíkt gæti verið víðar.

Næsti fundur er samkvæmt áætlun 6. júní, en þar sem það er annar í hvítasunnu var lagt til að halda fund mánudaginn 30. maí kl. 14:30 til 16 og fara síðan saman á öldurhús.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00